

BORGARRÁÐ 7. maí 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna áherslu á götuþvott að vori - R20050061

Á ári hverju safnast ógrynni af ryki, möl, drullu og rusli á vegum borgarinnar. Á vorin hefjast þrif á götum borgarinnar. Í áætlunum um hreinsun gatna í Reykjavík má sjá að þegar húsagötur eru sópaðar þá er samhliða eða skömmu eftir þvegið göturnar. Þegar hinsvegar stofnæðir borgarinnar eru þrifnar þá líður langur tími á milli sópunar og þvotts. Samkvæmt verkáætlun lauk hreinsun stofngatna 26. apríl síðastliðinn en þær verða ekki þvegnar með vatni þar til 25. maí.

Þegar vélsópar hreinsa vegkanta þá skilja þeir ávallt eftir hluta af finasta rykinu. Því er mikilvægt að götur séu spúlaðar skömmu eftir. Ellegar myndast lag af hárfínu ryki á vegum. Á háhraða götum þyrlast þetta ryk upp og myndar töluvert af svifryki í andrúmsloftinu. Þetta sjáum við vel þegar við ferðumst á stofnæðum borgarinnar. Það er bráðnauðsynlegt að draga úr svifryki. Svifryk er afar heilsuspillandi og þá sérstaklega fyrir fólk með öndunarsjúkdóma.

Greinargerð:

Til að sporna gegn svifryksmengun er mikilvægt að hefja þvott á stofnæðum borgarinnar strax að lokinni sópun. Þá gæti það einnig hjálpað til ef götur eru bleyttar áður en þær eru sópaðar á þurrviðrisdögum. Þó vélsópar séu með vatnsspíssa þá mynda þeir ekki svo mikið vatn að það dugi til að bleyta nægilega göturnar þegar óhreinindi eru mikil, eins og raunin er þegar hreinsun hefst á vorin. Það er varasamt að þvo götur áður en þær eru forsópaðar. Þá er hættu á því að niðurföll stíflist. Það er þó hægt að bleyta þær áður en þær eru sópaðar. Það mætti gera með því að láta vatnsbíl og götusóp þræða göturnar í beit. Þá eru einnig til nýjrir sópar með háþrýstispíssum og vatnssugum sem nota mætti á staði þar sem ryksöfnun er mikil.

Rykmengun er viðvarandi vandamál þegar götur eru sópaðar í þurru veðri. Það vita borgarbúar vel. Því ber að leggja aukna áherslu á að götur séu bleyttar vel áður en þær eru sópaðar svo að sópunin mengi ekki út frá sér. Því er lagt til að Reykjavíkurborg ráðist í breytingar á gildandi verkáætlunum með það að markmiði að auka götuþvott og draga úr svifryksmengun. Þá er mikilvægt að Reykjavíkurborg hafi samráð með Vegagerðinni um hvernig megi endurskipuleggja sópun og þvott stofnæða borgarinnar.